

Jafnvel þótt dómurinn hafi komið að þessari niðurstöðu, telur hann, að stefndi hefði átt að gera frekari tilraunir en upplýst er, að gerðar hafi verið, til að ná samkomulagi við vörubíladéild verkamannafélagsins Dagsbrúnar um hið breytta vinnu- og greiðslufyrirkomulag, og m. a. með tilliti til þess þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. Reykjavíkurbæjar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, vörubílastjóra-deildar verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 22. febrúar 1939.

Nr. 2/1939. **Friðjón Skarphéðinsson f. h. Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar**
gegn

Verkamannafélaginu Hlíf í Hafnarfirði.

Úrskurður.

Umboðsmaður stefnda hér fyrir dómi gerir kröfu til þess, að Sigurgeir Sigurjónsson, tilnefndur í dóminn af Alþýðusambandi Íslands sem varadómari, víki sæti í máli þessu, með þeirri aðalröksemd, að þar sem að verkamannafélaginu Hlíf í Hafnarfirði hafi verið vikið úr Alþýðusambandi Íslands, sé það ekki bært að tilnefna dómara í þessu máli.

Umboðsmaður stefnanda mótmælir því, að nefndur dómari víki, með því að ákvæði laganna um skipun dómsins séu algerlega tæmandi og réttur Alþýðusambandsins til tilnefningar óvæfingjanlegur.

Í 39. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, er kveðið á um það, hvernig félagsdómur skuli skipaður. Er þar tekið fram sérstaklega, að ef atvinnurekandi, sem ekki er í Vinnuveitendafélagi Íslands, sé málsaðili, þá skuli hann tilnefna mann í dóminn af sinni hálfu, enda víki þá sá dómari, sem tilnefndur er af Vinnuveitendafélagi Íslands. Í 48. gr. sömu laga eru ákvæði um það, hvenær dómara þeir skuli vikja, sem tilnefndir eru af hæstarétti.

Önnur ákvæði um það, hvenær dómari skuli víkja sæti, er ekki að finna í lögnum. Það verður því að líta svo á, að réttur Alþýðusambandsins til tilnefningar í dóminum sé skilyrðislaus, enda þótt félag, sem ekki er í Alþýðusambandinu sé málsaðili.

Hin fram komna krafa verður því ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Krafa umboðsmanns stefnda, um að Sigurgeir Sigurjónsson víki sæti í máli þessu, verður ekki tekin til greina.

Laugardaginn 25. febrúar 1939.

Nr. 2/1939. **Friðjón Skarphéðinsson f. h. Bæjarútgerðar
Hafnarfjarðar**
gegn

Verkamannafélaginu Hlíf í Hafnarfirði.

Varadómari Sigurgeir Sigurjónsson cand. jur í stað Sigurjóns Á. Ólafssonar og dómari nefndur af stefnanda Guðjón Guðjónsson í stað Kjartans Thors.

Ágreiningur um gildi kauptaxta, er stéttarfélag hafði auglýst. Mál út af lögmati verkfalls og skaðabótaskyldu vegna þess. Sýknað af kærui fyrir brot á 4. gr. l. nr. 80/1938. Ekki talin heimild til þess að dæma í sektir fyrir sanningsrof.

Dómur.

Hinn 10. þ. m. ákvað stjórn verkamannafélagsins Hlífar í Hafnarfirði að víkja 12 mönnum úr félaginu, og var mönnum þessum tilkynntur brottreksturinn með bréfi, dags. 11. s. m., og næsta dag var svo brottvikningin samþykkt á framhaldsaðalfundi í félaginu. Meðal þeirra, sem vikið var, var forstjóri bæjarútgerðarinnar. Hinn 13. s. m. var verkamannafélaginu vikið úr Alþýðusambandi Íslands, með því að það taldi Hlíf hafa brotið 61. og 63. gr. laga Alþýðusambandsins. Næsta dag var stofnað nýtt verkamannafélag í Hafnarfirði, er hlaut nafnið Verkamannafélag Hafnarfjarðar, og var félag þetta tekið í Alþýðusambandið 15. þ. m. Þann sama dag gerði nýja félagið samning um kaup og kjör við bæjarútgerðina, bæjarsjóð og